

AUGLÝSING um deiliskipulag í Vopnafjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði, stækkun uppsjávarvinnslu.

Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir áformum um uppbyggingu uppsjávarvinnslu á hafnarbakka Vopnafjarðarhafnar. Afmörkun svæðisins stækkar til norðurs og byggingarreitir fyrir nýja uppsjávarvinnslu eru skilgreindir ásamt fleiri breytingum.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. desember 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seyðisfirði, 25. janúar 2022.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. janúar 2022